



Ritroð Samkeppniseftirlitsins

Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi

Rit nr. 3/2019





Efnisyfirlit

1. Inngangur og samantekt	3
2. Eðli fjárhagskerfa og helstu aðilar	5
3. Fyrri umfjöllun um tengda markaði	5
4. Markaði fyrir fjárhagskerfi má skipta eftir virkni hugbúnaðarins	6
4.1 Erlend fordæmi	6
4.2 Sjónarmið og athugun á meðal markaðsaðila	6
4.3 Samantekt	9
5. Landfræðilegi markaðurinn virðist afmarkast við Ísland	9
5.1 Fordæmi erlendis frá	10
5.2 Sjónarmið og athugun á meðal markaðsaðila	10
5.3 Könnun á meðal viðskiptavina fyrirtækja sem selja fjárhagskerfi	11
5.4 Samantekt	12
6. Hlutdeild á markaði fyrir sölu fjárhagskerfa	12
6.1 Fjárhagskerfi án aðgreiningar eftir virkni	12
6.2 Fjárhagskerfi með takmarkaða virkni	13
6.3 Fjárhagskerfi með miðlungs virkni	13
6.4 Fjárhagskerfi með yfirgripsmikla virkni	14
7. Samþjöppun	14
8. Lítil hreyfanleiki viðskiptavina	16
9. Aðgangshindranir eru til staðar	16



Fyrirvari

Greining þessi lýsir markaðnum fyrir fjárhagskerfi eins og hann blasti við í framangreindri athugun á þeim tíma sem hún var framkvæmd. Getur hún sem slík verið til leiðbeiningar fyrir þá sem starfa á markaðnum eða eiga viðskipti tengd honum. Hafa ber þó í huga að Samkeppniseftirlitinu ber að taka afstöðu til markaða í hverju máli fyrir sig. Komi markaður fyrir fjárhagskerfi til athugunar í síðari málum, kann Samkeppniseftirlitið því að þurfa að taka á ný afstöðu til skilgreiningar viðkomandi markaða, stöðu keppinauta og annarra samkeppnislegra álitaefna.



1. Inngangur og samantekt

Greining þessi er birt til upplýsingar fyrir aðila á markaði fyrir fjárhagskerfi og aðra áhugasama. Til markaðarins telst viðskiptahugbúnaður sem fyrirtæki nota til að fylgjast miðlægt með ýmsum fjárhagsupplýsingum úr rekstri sínum (e. *Enterprise Resource Planning*).

Greiningin er að mestu leyti unnin á grunni rannsóknar sem Samkeppniseftirlitið framkvæmdi á markaðnum fyrir fjárhagskerfi í tengslum við fyrirhugaðan samruna Advania Holding hf. og Wise lausna ehf. sem tilkynntur var eftirlitinu á árinu 2018. Byggir greiningin því á gögnum, umsögnum og athugunum á meðal keppinauta og annarra aðila á markaðnum, sem og netkönnun á meðal viðskiptavina. Ekki kom til þess að Samkeppniseftirlitið þyrfti að taka endanlega afstöðu til samrunans, þar sem samrunatilkynningin var dregin til baka undir lok málsmeðferðar.¹

Markaðurinn í heild sinni einkennist af því að þar starfa örfá frekar stór fyrirtæki ásamt nokkrum fjölda mun minni aðila. Advania er langstærsti aðilinn á markaðnum, með um fjórðungs hlutdeild á heildarmarkaði fyrir fjárhagskerfi. Dk hugbúnaður er næst stærst með [15-20]% hlutdeild og Wise og Origo með [10-15]% hlutdeild hvort um sig.

18 fyrirtæki voru starfandi á markaði fyrir sölu og þjónustu við fjárhagskerfi á Íslandi árið 2018. Aðilum á þessum markaði má skipta gróflega í tvennt, fyrirtæki sem selja erlendan hugbúnað (t.a.m. Microsoft Dynamics NAV eða SAP) og eigin sérlausnir ofan á hann, og fyrirtæki sem selja lausnir sem hafa verið þróaðar allt að því frá grunni innan viðkomandi fyrirtækis. Dæmi um fyrirtæki í fyrri flokknum eru Advania, Wise, Origo, Annata og Rue de Net Reykjavík, en í þeim seinni dk hugbúnaður, Stólpi viðskiptalausnir og Regla.

Vísbendingar eru um að ástæða sé til þess að sundurgreina markað fyrir fjárhagskerfi í undirmarkaði eftir virkni hugbúnaðarins, enda séu til ólíkar gerðir af fjárhagskerfishugbúnaði sem henta við að sinna verkefnum á ólíkum skala, og takmarkað samkeppnislegt aðhald sé á milli fjárhagskerfa með mismunandi virkni. Bendir rannsókn Samkeppniseftirlitsins til þess að sundurgreina megi markaðinn eftir kerfum með takmarkaða virkni, miðlungs virkni og yfirgripsmikla virkni. Einnig eru vísbendingar um það að landfræðilegan markað fyrir fjárhagskerfi, þá sérstaklega kerfi með takmarkaða og miðlungs virkni, megi einskorða við Ísland, þar sem samkeppnislegt aðhald sem íslensk fyrirtæki sem starfa á markaðnum búi við erlendis frá sé takmarkað, m.a. vegna mikilvægis séríslenskra hugbúnaðarviðbóta og tenginga sem viðskiptavinir krefjast af sölu- og þjónustuaðilum fjárhagskerfa.

Hófleg samþjöppun er á heildarmarkaðnum fyrir fjárhagskerfi samkvæmt hinum svokallaða HHI kvarða (*Herfindahl-Hirschman Index*), sem samkeppnisyfirvöld styðjast oft við til þess að meta samþjöppun og hættu á samkeppnishömlum á mörkuðum. Samþjöppun er mest á mögulegum undirmarkaði fyrir fjárhagskerfi með takmarkaða virkni, eða um og yfir 4.000 stig á HHI kvarðanum. Á mögulegum undirmörkuðum fyrir fjárhagskerfi með miðlungs virkni annars vegar og yfirgripsmikla virkni hins vegar er samþjöppun í báðum tilvikum yfir 2.000 stigum. Greiningin leiðir í ljós að samrunar á milli stórra keppinauta á fyrrgreindum

¹ Meðferð og afdrifum málsins er nánar lýst í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2019.



undirmörkuðum myndu, að öðru óbreyttu, leiða til þess að breyting á HHI stuðlinum yrði mun meiri en 150 stig. Er slíkt vísbending um að af samþjöppuninni gætu leitt alvarlegar samkeppnishömlur sem myndu kalla á ítarlega rannsókn á samkeppnislegum áhrifum.

Innkoma nýrra aðila inn á markaðinn er einnig nokkuð snúin og vegna eðlis vörunnar er lítil hreyfanleiki á viðskiptavinum á milli þjónustuaðila.



2. Eðli fjárhagskerfa og helstu aðilar

Fjárhagskerfi (*e. Enterprise Resource Planning*) er yfirheiti yfir viðskiptahugbúnað sem notaður er af fyrirtækjum til þess að veita, skrá og fylgjast miðlægt með ýmsum fjárhagsupplýsingum úr rekstrinum. Í grunninn eru fjárhagskerfi bókhaldskerfi sem geta boðið upp á utanumhald um m.a. lánardrottna, reikningagerð, bankatengingar, sölustarfsemi, markaðsmál, framleiðslu, innkaup, laun og birgðahald. Þá bjóða fjárhagskerfi oft upp á aðra hliðstæða virkni, s.s. viðskiptamanna- og sölukerfi (*e. Customer Relationship Management*) og verk- og tímaskráningarkerfi.

Nokkur dæmi um fjárhagskerfi sem í boði eru á íslenska markaðnum eru Microsoft Dynamics NAV, Microsoft Dynamics AX, Oracle, SAP, TOK bókhald, dk hugbúnaður og minni kerfi frá Stólpa, Reglu og netbokhald.is.

Á markaðnum fyrir fjárhagskerfi voru alls 18 aðilar starfandi árið 2018. Eins og nánar er fjallað um í kafla 4 eru vísbendingar um að skipta megi markaðnum fyrir fjárhagskerfi gróflega í þrennt eftir virkni hugbúnaðar, í fjárhagskerfi með takmarkaða virkni, fjárhagskerfi með miðlungs virkni og fjárhagskerfi með yfirgripsmikla virkni. Árið 2018 voru sex aðilar sem buðu upp á kerfi með takmarkaða virkni, níu aðilar buðu upp á kerfi með miðlungs virkni og sjö aðilar buðu upp á kerfi með yfirgripsmikla virkni. Vöruframboð nokkurra sölu- og þjónustuaðila náði yfir fleiri en einn flokk samkvæmt ofangreindri flokkun.

Markaðurinn í heild sinni einkennist af því að þar starfa örfá frekar stór fyrirtæki ásamt nokkrum fjölda mun minni aðila. Advania er langstærsti aðilinn á markaðnum, með um fjórðungs hlutdeild. Fjórir stærstu markaðsaðilar standa samanlagt undir tveimur þriðju hlutum af allri veltu, en þeir ellefu minnstu hafa samanlagt innan við 10% hlutdeild.

Á markaði fyrir fjárhagskerfi með takmarkaðri virkni störfuðu, raðað eftir markaðshlutdeild árið 2018, dk hugbúnaður ehf., Stólpi viðskiptalausnir ehf., Regla, Netbókhald.is ehf. og Notando á Íslandi ehf. Á markaði fyrir fjárhagskerfi með miðlungs virkni störfuðu, raðað eftir markaðshlutdeild árið 2018, Wise lausnir ehf., Advania, Origo hf., Rue de Net Reykjavík ehf., Pup Cove ehf., Metadata, nav.is, Uniconta og fblausnir. Á markaði fyrir fjárhagskerfi með yfirgripsmikla virkni störfuðu, raðað eftir markaðshlutdeild árið 2018, Advania, Annata ehf., Deloitte Consulting ehf., Origo hf., M7 ehf., SAGlobal og Metadata.²

3. Fyrri umfjöllun um tengda markaði

Samkeppniseftirlitið hafði ekki áður fjallað sérstaklega um markaðinn fyrir fjárhagskerfi, en hefur þó fjallað um hugbúnaðarmarkaði í fyrri ákvörðunum. Í ákvörðun

² Við rannsókn málsins fékk Samkeppniseftirlitið ábendingar þess efnis að til viðbótar þeim fyrirtækjum sem hér hafa verið nefnd, sæju endurskoðunarfyrirtæki á borð við KPMG einnig um sölu og þjónustu á fjárhagskerfum, og veittu öðrum keppinautum á markaði samkeppnislegt aðhald. Í kjölfarið hafði Samkeppniseftirlitið samband við KPMG þar sem óskað var sjónarmiða um aðkomu fyrirtækisins að markaðnum. Í svörum þess kom fram að það bjóði vissulega upp á bókhaldsþjónustu og –ráðgjöf til viðskiptavina sinna, og hluti af þeirri þjónustu sé bókhaldskerfi sem gengur undir nafninu “KPMG bókað”. Hins vegar sé fyrirtækið ekki að endurselja kerfið til viðskiptavina, viðskiptavinir geti sjálfir gert söluveikninga í kerfinu en hafa að öðru leyti ekki aðgang til að gera færslur í bókhalds- eða fjárhagskerfinu.



Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2015, *Samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.*, taldi Samkeppniseftirlitið hugsanlegt að skilgreina mætti nokkra undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar, þar á meðal markað fyrir þróun og sölu hugbúnaðar. Við meðferð málsins komu fram sjónarmið þess efnis að líta mætti á mannauðskerfi og fjárhaldskerfi sem sérstakan markað í skilningi samkeppnislaga. Ekki var tekin endanleg afstaða til þess í ákvörðuninni. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris*, skilgreindi Samkeppniseftirlitið sérstakan undirmarkað hugbúnaðarmarkaðar tengdan viðskiptabanka- og greiðslulausnum.

4. Markaði fyrir fjárhagskerfi má skipta eftir virkni hugbúnaðarins

Það er misjafnt eftir eðli, stærð og umsvifum reksturs fyrirtækja hvers konar fjárhagskerfi hentar viðkomandi. Þarfir fyrirtækja eru mismunandi, eftir því sem reksturinn er flóknari þeim mun flóknari verkefnum þurfa fjárhagskerfi fyrirtækjanna að geta sinnt. Af því leiðir að það getur verið takmörkuð eftirspurnarstaðganga á milli ólíkra kerfa, sem réttlætir það að skipta markaðnum upp í undirmarkaði.

4.1 Erlend fordæmi

Vísbendingar um skiptingu markaðarins eftir virkni má finna í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.5904 - SAP/SYBASE. Við rannsókn þess máls var framkvæmd markaðskönnun þar sem svör bentu til þess að hægt væri að greina heildarmarkaðinn fyrir viðskiptahugbúnað niður í „high-end,“ „mid-range,“ og „low-end“ hugbúnað. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.3216 Oracle/PeopleSoft var markaðnum fyrir bókhaldskerfi (*e. Financial Management Systems, FMS*) og mannauðskerfi (*e. Human Resources, HR*) skipt upp eftir umfangi kerfanna: „*The relevant markets for the assessment of the transaction are the markets for high function FMS and HR solutions to serve the needs of large enterprises with complex functional needs. The main players in these markets are SAP, Oracle and PeopleSoft.*”

4.2 Sjónarmið og athugun á meðal markaðsaðila

Skrifleg sjónarmið frá sölu- og þjónustuaðilum fjárhagskerfa á Íslandi benda til þess að markaði með fjárhagskerfi megi skipta í þrjá undirmarkaði eftir virkni – fjárhagskerfi með takmarkaða, miðlungs eða yfirgripsmikla virkni. Samkeppniseftirlitið framkvæmdi athugun á meðal markaðsaðila dagana 30. nóvember til 6. desember 2018 til þess að kanna frekar hvort rök væru til þess að greina markaðinn með þeim hætti. Við athuguninni bárust svör 16 fyrirtækja.

Í athuguninni lagði Samkeppniseftirlitið fram skilgreiningar á fjárhagskerfum og óskaði eftir álitni markaðsaðila á þeim, sem og mati þeirra á því samkeppnislega aðhaldi sem mismunandi gerðir hugbúnaðar veittu hver annarri. Skilgreiningarnar sem lagðar voru fram voru eftirfarandi:



1. Fjárhags-, viðskipta-, upplýsinga- og bókhaldskerfi með takmarkaða virkni eru fyrst og fremst ætluð einyrkjum og minni fyrirtækjum. Dæmi um kerfi sem falla hér undir eru kerfi frá Stólpa, Reglu, netbokhald.is, TOK bókhald o.fl.
2. Fjárhags-, viðskipta-, upplýsinga- og bókhaldskerfi með miðlungs virkni eru fyrst og fremst ætluð millistórum fyrirtækjum sem starfa s.s. á sviði heildsölu, smásölu og dreifingar. Dæmi um kerfi sem falla hér undir eru t.d. Microsoft Dynamics NAV.
3. Fjárhags-, viðskipta-, upplýsinga- og bókhaldskerfi með yfirgripsmikla virkni eru fyrst og fremst ætluð framleiðslufyrirtækjum og stórum fyrirtækjum með umsvifamikinn rekstur, jafnvel í mörgum löndum. Dæmi um kerfi sem falla hér undir eru t.d. Microsoft Dynamics AX, Oracle og SAP.

Fyrst var spurt hversu sammála eða ósammála svarendur væru skilgreiningunum á þessum þremur undirmörkuðum. Af þeim sem tóku afstöðu, voru 73% sammála eða mjög sammála skilgreiningu 1. hér að ofan, 73% sammála eða mjög sammála skilgreiningu 2. og 71% sammála eða mjög sammála skilgreiningu 3.

Næst var spurt hversu mikinn mun svarendur teldu vera á milli fjárhagskerfa með mismikla virkni. Svör þeirra sem tóku afstöðu og svöruðu því til að mjög mikill eða frekar mikill munur væri á milli mismunandi fjárhagskerfa má finna í töflu 1 og þeirra sem töldu muninn vera lítinn eða frekar lítinn í töflu 2.

Tafla 1. Munur á milli fjárhagskerfa – hlutfall svarenda sem töldu mjög mikinn eða frekar mikinn mun vera til staðar á milli mismunandi kerfa

	Takmörkuð virkni	Miðlungs virkni	Yfirgripsmikil virkni
Takmörkuð virkni	x		
Miðlungs virkni	53%	x	
Yfirgripsmikil virkni	100%	57%	x

Tafla 2. Munur á milli fjárhagskerfa – hlutfall svarenda sem töldu mjög lítinn eða frekar lítinn mun á milli mismunandi kerfa

	Takmörkuð virkni	Miðlungs virkni	Yfirgripsmikil virkni
Takmörkuð virkni	x		
Miðlungs virkni	33%	x	
Yfirgripsmikil virkni	0%	14%	x



Svörin gefa vísbendingu um að hægt sé að greina markaðinn niður eftir virkni fjárhagskerfa. Allir sem tóku afstöðu töldu að mjög mikill eða frekar mikill munur væri á milli fjárhagskerfa með takmarkaða virkni annars vegar og yfirgripsmikla virkni hins vegar. Þegar kom að kerfum með miðlungs virkni annars vegar og takmarkaða virkni hins vegar, töldu 53% vera mjög mikinn eða frekar mikinn mun á þeim kerfum, og 33% að mjög lítil eða frekar lítil munur væri á þeim. Þegar kerfi með miðlungs virkni og yfirgripsmikla virkni voru borin saman, töldu 57% vera mjög mikinn eða frekar mikinn mun þar á milli, en 14% að munurinn væri mjög lítil eða frekar lítil.

Jafnframt var í athuguninni óskað eftir því að aðilar svöruðu því hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald þeir teldu að tiltekin tegund kerfa veitti kerfum með mismunandi virkni. Tölur 3 og 4 gefa yfirlit yfir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu og töldu að samkeppnislegt aðhald sem kerfi með tiltekna virkni veitti kerfi með aðra virkni væri frekar mikið eða mjög mikið (tafla 3) og hins vegar þeir sem töldu það vera frekar lítið eða mjög lítið (tafla 4).

Tafla 3. Samkeppnislegt aðhald – hlutfall þeirra sem tóku afstöðu og telja samkeppnislegt aðhald vera frekar mikið eða mjög mikið

	Hversu mikið samkeppnislegt aðhald veita kerfin hér að neðan þeim tegundum kerfa sem tilgreindar eru í dálknum lengst til vinstri		
	Takmörkuð virkni	Miðlungs virkni	Yfirgripsmikil virkni
Takmörkuð virkni	x	53%	21%
Miðlungs virkni	33%	x	29%
Yfirgripsmikil virkni	14%	36%	x

Tafla 4. Samkeppnislegt aðhald – hlutfall þeirra sem tóku afstöðu og telja samkeppnislegt aðhald vera frekar lítið eða mjög lítið

	Hversu mikið samkeppnislegt aðhald veita kerfin hér að neðan þeim tegundum kerfa sem tilgreindar eru í dálknum lengst til vinstri		
	Takmörkuð virkni	Miðlungs virkni	Yfirgripsmikil virkni
Takmörkuð virkni	x	27%	64%
Miðlungs virkni	60%	x	36%
Yfirgripsmikil virkni	79%	14%	x



Lítill hluti svarenda telur að kerfi með takmarkaða virkni veiti kerfum með meiri virkni frekar mikið eða mjög mikið samkeppnislegt aðhald, n.tt. 33% í tilviki kerfa með miðlungs virkni og 14% í tilviki kerfa með yfirgripsmikla virkni. Endurspeglast það í hlutfalli þeirra sem telja kerfi með takmarkaða virkni veita kerfum með miðlungs og yfirgripsmikla virkni frekar lítið eða mjög lítið samkeppnislegt aðhald, n.tt. 60% í tilviki kerfa með miðlungs virkni og 79% í tilviki kerfa með yfirgripsmikla virkni.

Um helmingur (53%) svarenda telur að kerfi með miðlungs virkni veiti kerfum með takmarkaða virkni frekar mikið eða mjög mikið samkeppnislegt aðhald. Aðhald gagnvart kerfum með yfirgripsmikla virkni er talið vera minna, en um 36% svarenda töldu að kerfi með miðlungs virkni veiti kerfum með yfirgripsmikla virkni frekar mikið eða mjög mikið samkeppnislegt aðhald. Endurspeglast það í lágu hlutfalli þeirra sem telja að kerfi með miðlungs virkni veiti kerfum með takmarkaða og yfirgripsmikla virkni frekar lítið eða mjög lítið samkeppnislegt aðhald, n.tt. 27% í tilviki kerfa með takmarkaða virkni og 14% í tilviki kerfa með yfirgripsmikla virkni.

Lítill hluti svarenda, eða 21%, telur að kerfi með yfirgripsmikla virkni veiti kerfum með takmarkaða virkni frekar mikið eða mjög mikið samkeppnislegt aðhald. Aðhald gagnvart kerfum með miðlungs virkni er ívið meira, en 29% svarenda töldu það vera frekar mikið eða mjög mikið. Endurspeglast það í hlutfalli þeirra sem telja kerfi með yfirgripsmikla virkni veita kerfum með takmarkaða eða yfirgripsmikla virkni frekar lítið eða mjög lítið samkeppnislegt aðhald, n.tt. 64% í tilviki kerfa með takmarkaða virkni og 36% í tilviki kerfa með yfirgripsmikla virkni.

4.3 Samantekt

Þessar niðurstöður benda til þess að meirihluti markaðsaðila sé sammála þeim skilgreiningum sem byggt var á í athuguninni og að töluverður munur sé á milli fjárhagskerfa með mismikla virkni. Fjárhagskerfi með takmarkaða virkni veiti stærri kerfum afar takmarkað samkeppnislegt aðhald auk þess sem kerfi með yfirgripsmikla virkni veiti kerfum með takmarkaða virkni afar takmarkað samkeppnislegt aðhald. Helst séu það fjárhagskerfi með miðlungs virkni sem veiti kerfum með minni og meiri virkni samkeppnislegt aðhald en aðhald annarra kerfa gagnvart kerfum með miðlungs virkni sé takmarkað.

5. Landfræðilegi markaðurinn virðist afmarkast við Ísland

Fjárhagskerfi er, líkt og gengur og gerist með hugbúnað, óefnisleg vara sem seld er í svipuðu formi að stofninum til út um allan heim. Því mætti ætla að samkeppnislegt aðhald sem íslensk fyrirtæki sem þróa, þjónusta og selja fjárhagskerfi byggju við frá erlendum aðilum væri umtalsvert, og þar með að skilgreina mætti landfræðilega markaðinn með fjárhagskerfi sem í hið minnsta EES svæðið, ef ekki heiminn allan.

Til að leggja mat á afmörkun hins landfræðilega markaðar óskaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum markaðsaðila, framkvæmdi athugun á meðal þeirra og könnun á meðal viðskiptavina tveggja öflugra fyrirtækja sem selja fjárhagskerfi.



5.1 Fordæmi erlendis frá

Vísbendingar um landfræðilega skiptingu hugbúnaðarmarkaða má finna í nokkrum úrskurðum erlendra samkeppnisyfirlitvalda. Í ákvörðunum danska samkeppniseftirlitsins nr. SIF-16/04482 frá árinu 2016 og SIF-17/04674 frá árinu 2017 hefur eftirlitið skilgreint sérstakan markað fyrir mannauðs- og launastjórnunarkerfi sem afmarkist við Danmörku, sérstakan markað fyrir fjárhagskerfi sem afmarkist við ESB/EES og sérstakan markað fyrir „*Provision of business process outsourcing services*“ sem afmarkist við Danmörku. Í öllum tilvikum höfðu markaðsskilgreiningarnar ekki áhrif á niðurstöðu málsins og því taldi danska eftirlitið ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til skilgreininganna.³ Í ákvörðun ítalska samkeppniseftirlitsins nr. 21116 frá árinu 2016 skilgreindi eftirlitið sérstakan markað fyrir þróun, framleiðslu og sölu á verkefnastjórnunarhugbúnaði sem afmarkaðist við Ítalíu.

Eðli hvers markaðar og aðstæður í hverju máli fyrir sig virðast hér skipta máli en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur komist að þeirri niðurstöðu í nokkrum rannsóknum sínum að landfræðileg skipting hugbúnaðarmarkaða geti afmarkast við einstök lönd⁴, allt EES svæðið⁵ og jafnvel allan heiminn⁶.

5.2 Sjónarmið og athugun á meðal markaðsaðila

Í umsögnum markaðsaðila kom fram að þó að fjárhagskerfi séu oftast en ekki að grunninum til erlendum hugbúnaður, krefjist viðskiptavinir þeirra ýmissa íslenskra sérlausna sem geri erlendum aðilum ókleift að keppa á markaðnum nema leggja út í kostnað við að útbúa sérlausnir. Íslenskar sérlausnir ofan á fjárhagskerfi felast að miklu leyti í tengingum við íslensk kerfi, s.s. við banka, tollakerfi, skattayfirvöld, lífeyriskerfi, stéttarfélag og Þjóðskrá. Ennfremur kom fram í umsögnum að íslensk vinnulöggjöf sé þess eðlis að enginn erlendum aðili geti boðið staðlað launakerfi fyrir íslenskar aðstæður. Lykilatriði til að koma til greina sem sölu- og þjónustuaðili fjárhagskerfis væri því að þróa öflugar sérlausnir, en áhugi á því sé hartnær enginn hjá erlendum aðilum.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir upplýsingum um veltu fyrirtækja sem selja fjárhagskerfi á Íslandi, sundurliðaða eftir virkni kerfanna sem og hvort um var að ræða innlenda eða erlenda viðskiptavini. Upplýsingar um veltu þeirra fyrirtækja sem selja kerfi með takmarkaða virkni og þeirra sem selja kerfi með miðlungs virkni sýndu að erlendar tekjur þessara aðila eru hverfandi. Erlend velta íslenskra fyrirtækja sem selja kerfi með yfirgripsmikla virkni er hins vegar nokkuð meiri en í hinum flokkunum.

Jafnframt kannaði Samkeppniseftirlitið, í athugun á meðal markaðsaðila, hversu mikið eða lítið samkeppnislegt aðhald þeir teldu erlenda aðila sem selja slík kerfi veiti íslenskum fyrirtækjum sem selji samskonar þjónustu til innlendra fyrirtækja. Niðurstöðurnar má finna í töflu 5.

³ Ákvörðun danska samkeppniseftirlitsins frá 6. september 2017 í máli nr. 17/04674-89, *Godkendelse af Visma Danmark Holding A/S' erhvervelse af enekontrol med Team Siri Holding ApS*.

⁴ Ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB nr. M.8984 – HG/Vista/Allocate

⁵ Ákvarðanir Framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.4944 – SAP/Business Objects og M.8124 – Microsoft/LinkedIn

⁶ Ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.5529 – Oracle/Sun Microsystems



Tafla 5. Erlent samkeppnislegt aðhald – hversu mikið samkeppnislegt aðhald veita erlendir aðilar íslenskum sölu- og þjónustuaðilum á markaði fyrir fjárhagskerfi

Svarmöguleiki	Takmörkuð virkni	Miðlungs virkni	Yfirgripsmikil virkni
Mjög mikið	0%	7%	21%
Frekar mikið	27%	20%	21%
Hvorki mikið né lítið	7%	20%	21%
Frekar lítið	27%	7%	7%
Mjög lítið	40%	47%	29%

Í töflu 5 má sjá að 67% markaðsaðila telja að íslenskir söluaðilar kerfa með takmarkaða virkni búi við frekar lítið eða mjög lítið erlent samkeppnislegt aðhald en um 27% telja aðhaldið vera mjög mikið eða frekar mikið. Í tilfelli kerfa með miðlungs virkni telja 53% markaðsaðila að erlent samkeppnislegt aðhald sé frekar eða mjög lítið og um 27% telja aðhaldið vera mjög mikið eða frekar mikið. Í tilfelli kerfa með yfirgripsmikla virkni telja 36% markaðsaðila að erlent samkeppnislegt aðhald sé frekar eða mjög lítið og um 43% að aðhaldið sé mjög eða frekar mikið.

5.3 Könnun á meðal viðskiptavina fyrirtækja sem selja fjárhagskerfi

Í því skyni að varpa skýrara ljósi á landfræðilega afmörkun markaða fyrir fjárhagskerfi fékk Samkeppniseftirlitið MMR til þess að framkvæma netkönnun á meðal viðskiptavina Advania og Wise.⁷ Svarendur voru beðnir um að svara spurningunni „Ef það fyrirtæki sem þú ert í forsvari fyrir ætti ekki kost á því að versla fjárhagskerfið af [Advania/Wise], hvort myndi það versla kerfi af innlendum eða erlendum söluaðila í staðinn?“. Niðurstöður spurningarinnar má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Hvort myndu viðskiptavinir Advania og Wise leita til innlands eða erlands söluaðila fjárhagskerfis ef þeir þyrftu að skipta um söluaðila?

Svarmöguleiki	
Ég myndi leita til innlands söluaðila	[95-100]%
Ég myndi leita til erlands söluaðila	[0-5]%

Þessi niðurstaða bendir til þess að samkeppni á markaði fyrir fjárhagskerfi afmarkist að miklu leyti við Ísland, enda svaraði yfirgnæfandi fjöldi svarenda könnunarinnar því til að þeir hæfu viðskipti við annan innlendan aðila ef nauðsyn bæri til þess að skipta um sölu- og þjónustuaðila við fjárhagskerfi. Þann fyrirvara ber að setja við þessa niðurstöðu að

⁷ Könnunin var framkvæmd í tengslum við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á fyrirhugðum samruna Advania og Wise.



úrtakið samanstóð af viðskiptavinahópi tveggja fyrirtækja á markaðnum, Advania og Wise, og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar yfir alla viðskiptavini á markaðnum

5.4 Samantekt

Sjónarmið markaðsaðila, niðurstöður athugunar sem framkvæmd var á meðal þeirra og könnun á meðal viðskiptavina benda til þess að erlendir aðilar veiti íslenskum sölu- og þjónustuaðilum fjárhagskerfa takmarkað samkeppnislegt aðhald, og þar með að rök standi til þess að landfræðilegi markaðurinn einskorðist við Ísland.

6. Hlutdeild á markaði fyrir sölu fjárhagskerfa

Til að leggja mat á markaðshlutdeild aðila sendi Samkeppniseftirlitið gagnabeiðni til allra markaðsaðila og óskaði upplýsinga um árlega veltu þeirra á árunum 2016 til 2018 á markaði fyrir fjárhagskerfi sundurgreint eftir virkni.

6.1 Fjárhagskerfi án aðgreiningar eftir virkni

Alls störfuðu 18 fyrirtæki á markaði fyrir fjárhagskerfi á Íslandi árið 2018, en heildarveltan á markaðnum var um [6-7] ma. kr. Markaðshlutdeild þeirra má sjá í töflu 7.

Tafla 7. Hlutdeild á markaði með fjárhagskerfi án aðgreiningar eftir virkni árið 2018

Fyrirtæki	Markaðshlutdeild 2018
Advania	[25-30]%
dk hugbúnaður ehf.	[15-20]%
Wise lausnir ehf.	[10-15]%
Origo hf.	[10-15]%
Annata ehf.	[5-10]%
Deloitte Consulting ehf.	[5-10]%
Rue de Net Reykjavík ehf.	[0-5]%
M7 ehf.	[0-5]%
Pup Cove ehf.	[0-5]%
Stólpi viðskiptalausnir ehf.	[0-5]%
Regla	[0-5]%
Metadata	[0-5]%
Netbókhald.is ehf.	[0-5]%
nav.is	[0-5]%
Notando á Íslandi ehf.	[0-5]%
Uniconta	[0-5]%
SAGlobal	[0-5]%
fblausnir	[0-5]%

Markaðurinn í heild sinni einkennist af því að þar starfa örfá frekar stór fyrirtæki ásamt nokkrum fjölda mun minni aðila. Advania er langstærsti aðilinn á markaðnum, með um fjórðungs hlutdeild. Fjórir stærstu markaðsaðilar standa samanlagt undir tveimur þriðju



hlutum af allri veltu, en þeir ellefu minnstu hafa samanlagt innan við 10% hlutdeild. Markaðurinn er nokkuð samþjappaður, fjórir stærstu aðilarnir hafa samanlagt um 70% markaðshlutdeild

6.2 Fjárhagskerfi með takmarkaða virkni

Sex fyrirtæki störfuðu á mögulegum markaði fyrir fjárhagskerfi með takmarkaða virkni árið 2018, en heildarveltan á markaðnum var um [0,5-1,0] ma. kr. Markaðshlutdeild þeirra má sjá í töflu 8. Hugbúnaðurinn sem fyrirtækin á þessum undirmarkaði bjóða upp á er mestmegnis þróaður af fyrirtækjunum sjálfum, og því býður hver söluaðili upp á mismunandi kerfi sem þó sinna sömu þörfum viðskiptavina að miklu leyti.

Tafla 8. Hlutdeild á markaði með fjárhagskerfi með takmarkaða virkni árið 2018

Fyrirtæki	Markaðshlutdeild 2018
dk hugbúnaður ehf.	[65-70]%
Stólpi viðskiptalausnir ehf.	[5-10]%
Regla	[5-10]%
Advania	[5-10]%
Netbókhalld.is ehf.	[0-5]%
Notando á Íslandi ehf.	[0-5]%

Á þessum undirmarkaði er dk hugbúnaður með mestu hlutdeildina, með um tvo þriðju hluta markaðarins. Stólpi, Regla og Advania eru með samtals fjórðung markaðarins, en Netbókhalld.is og Notando eru töluvert minni. Töluverð samþjöppun er á þessum markaði, fjórir stærstu aðilarnir hafa samanlagt um 90% markaðshlutdeild.

6.3 Fjárhagskerfi með miðlungs virkni

Tíu fyrirtæki störfuðu á mögulegum markaði fyrir fjárhagskerfi með miðlungs virkni árið 2018, en heildarveltan á markaðnum var um [2,5-3,0] ma. kr. Markaðshlutdeild þeirra má sjá í töflu 9. Einhver af þessum fyrirtækjum bjóða upp á sín eigin kerfi, en einnig eru nokkur fyrirtækjanna með erlend kerfi í grunninn, s.s. Microsoft Dynamics NAV, og bjóða íslenskar sérlausnir ofan á þau sem þróaðar eru innanhúss af fyrirtækjunum sjálfum.

Wise er stærsti aðilinn á undirmarkaði með fjárhagskerfi með miðlungs virkni, með um þriðjungs hlutdeild, og Advania er annar stærsti aðilinn með [20-25]% hlutdeild. Töluverð samþjöppun er á þessum markaði, fjórir stærstu aðilarnir hafa samanlagt um 80% markaðshlutdeild.



Tafla 9. Hlutdeild á markaði með fjárhagskerfi með miðlungs virkni árið 2018

Fyrirtæki	Markaðshlutdeild 2018
Wise lausnir ehf.	[30-35]%
Advania	[20-25]%
dk hugbúnaður ehf.	[10-15]%
Origo hf.	[10-15]%
Rue de Net Reykjavík ehf.	[5-10]%
Pup Cove ehf.	[0-5]%
Metadata	[0-5]%
nav.is	[0-5]%
Uniconta	[0-5]%
fblausnir	[0-5]%

6.4 Fjárhagskerfi með yfirgripsmikla virkni

Sjö fyrirtæki störfuðu á markaði fyrir fjárhagskerfi með yfirgripsmikla virkni árið 2018, en heildarveltan á markaðnum var um [2,5-3,0] ma. kr. Markaðshlutdeild þeirra má sjá í töflu 10. Á þessum markaði er verið að selja og þjónusta erlendan hugbúnað á borð við Microsoft Dynamics AX, Oracle og SAP, sem þjónustuaðili bætir síðan eigin íslensku sérlausnum ofan á.

Á þessum undirmarkaði er Advania sterkasti aðilinn, með yfir þriðjungs hlutdeild, Annata með [20-25]% og Deloitte með [15-20]%. Töluverð samþjöppun er á þessum markaði, fjórir stærstu aðilarnir hafa samanlagt um 90% markaðshlutdeild.

Tafla 10. Hlutdeild á markaði með yfirgripsmikla virkni árið 2018

Fyrirtæki	Markaðshlutdeild 2018
Advania	[40-45]%
Annata ehf.	[20-25]%
Deloitte Consulting ehf.	[15-20]%
Origo hf.	[10-15]%
M7 ehf.	[5-10]%
SAGlobal	[0-5]%
Metadata	[0-5]%

7. Samþjöppun

Auk markaðshlutdeildar fyrirtækja líta samkeppnisyfirvöld einnig til samþjöppunar á markaðnum í heild sinni þegar skýra á samkeppnislega stöðu á markaði. Til þess að meta samþjöppun og hættu á samkeppnishömlum styðjast samkeppnisyfirvöld oft við mælikvarða sem nefnist *Herfindahl-Hirschman Index* (HHI). Á mörkuðum sem einkennast af krosseignatengslum eða sameiginlegu eignarhaldi, þ.e. þegar hluthafar (eigendur) fyrirtækis eiga jafnframt eignarhluti í keppinautum þess, þá getur hefðbundinn HHI-stuðull



vanmetið samþjöppunina á markaðnum. Í þeim tilvikum er hægt að styðjast við svokallaðan MHHI-stuðul (*e. Modified HHI*).⁸

HHI-stuðullinn er reiknaður með því að leggja saman ferningstölur markaðshlutdeildar (þ.e. markaðshlutdeild í öðru veldi) þeirra fyrirtækja sem starfa á viðkomandi markaði. HHI stuðullinn tekur saman dreifinguna á stærð fyrirtækjanna á markaðnum í eina tölu, en gildi hans getur legið á milli 0 og 10.000. Því hærra sem það er þeim mun meiri er samþjöppun markaðarins. Þannig tekur stuðullinn gildið 10.000 sé einungis eitt fyrirtæki á markaðnum með 100% markaðshlutdeild ($100^2=10.000$), en nálgast 0 ef á markaðnum starfar fjöldi fyrirtækja sem hvert um sig hefur mjög litla markaðshlutdeild. Gildi stuðulsins hækkar annars vegar þegar fjöldi fyrirtækja á markaðnum dregst saman, s.s. vegna samruna, og hins vegar þegar munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á markaðnum eykst.

Í viðmiðunarreglum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna láréttra samruna er umfjöllun um HHI stuðulinn.⁹ Þar kemur fram að framkvæmdastjórnin telji ólíklegt að hafa þurfi áhyggjur vegna samkeppnislegra áhrifa láréttra samruna á markaði þar sem HHI stuðullinn er eftir samruna undir 1.000 stigum, þar sem samþjöppun á slíkum markaði teljist óveruleg. Sé HHI á milli 1.000 og 2.000 stig eftir samruna, er almennt ólíklegt að samruni skapi samkeppnisleg vandamál sé hækkun stuðulsins við samruna innan við 250 stig, og sé stuðullinn yfir 2.000 stig eftir samruna er að sama skapi ólíklegt að hafa þurfi áhyggjur af samruna sem hækkar stuðulinn um minna en 150 stig. Bandarísk samkeppnisyfirlönd telja að unnt sé að flokka markaði gróflega í þrennt eftir gildi HHI stuðulsins.¹⁰ Sé HHI undir 1.500, telst markaður ekki vera samþjappaður, sé stuðullinn á milli 1.500 og 2.500 telst markaður vera nokkuð samþjappaður, en sé stuðullinn yfir 2.500 er það vísbending um mjög mikla samþjöppun á markaðinum.

Tafla 11 sýnir samþjöppun á markaði fyrir fjárhagskerfi á Íslandi, birt í formi HHI stuðla sem reiknaðir eru út frá markaðshlutdeildartölum árið 2018, bæði fyrir markaðinn í heild sinni og niðurgreint í þrjá undirmarkaði eftir virkni.

Tafla 11. HHI stuðlar fyrir heildarmarkað og undirmarkaði með fjárhagskerfi

Markaður	HHI
Öll fjárhagskerfi, án aðgreiningar eftir virkni	1.554
Fjárhagskerfi með takmarkaða virkni	4.883
Fjárhagskerfi með miðlungs virkni	2.142
Fjárhagskerfi með yfirgripsmikla virkni	2.681

Líkt og sjá má af töflunni er samþjöppun mest á mögulegum markaði fyrir fjárhagskerfi með takmarkaða virkni. Skýrist sú mikla samþjöppun af því að fáir keppinautar starfa á markaðnum og eitt fyrirtæki þar er með um tvo þriðju hluta markaðarins. Á mögulegum

⁸ Nánari umfjöllun þetta atriði má finna í Viðauka 5 við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 27. mars 2017 í máli nr. M.7932 Dow/DuPont, „Annex 5 to the Commission Decision – Assessment of the effects of common shareholding on market shares and concentration measures.”

⁹ Sjá „Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings” (2004/C 31/03), Official Journal (C 31, 05.02.2004).

¹⁰ Sjá „Horizontal Merger Guidelines” (08/19/2010) á vefsíðu The US Department of Justice, <https://www.justice.gov/atr/horizontal-merger-guidelines-08192010>



mörkuðum fyrir fjárhagskerfi með miðlungs virkni annars vegar og yfirgripsmikla virkni hins vegar er samþjöppun í báðum tilvikum yfir 2.000 stigum. Ljóst er að samrunar á milli stórra keppinauta á fyrrgreindum undirmörkuðum myndu leiða til þess að breyting á HHI stuðlinum yrði mun meiri en 150 stig. Er slíkt vísbending um að af þeim gætu leitt alvarlegar samkeppnishömlur og myndu þeir kalla á ítarlega rannsókn á samkeppnislegum áhrifum.

8. Lítil hreyfanleiki viðskiptavina

Í sjónarmiðum markaðsaðila komu fram vísbendingar um að notendur viðskiptabúnaðar skipti sjaldan um birgja og þjónustuveitanda, svo sem af þeirri ástæðu að gögn færast með takmörkuðum hætti eða jafnvel alls ekki milli mismunandi fjárhagskerfa. Samkvæmt veittum upplýsingum taki viðskiptavinir því vanalega aðeins ákvörðun um að skipta um birgi þegar þjónusta birgis er verulega ófullnægjandi að gæðum eða verðlagning há.

Vegna tæknilegs eðlis fjárhagskerfa má einnig álykta sem svo að töluverður tími og kostnaður hljótist af því að skipta um birgi vegna fjárhagskerfa í starfsemi viðskiptavinar. Ljóst er að slíkur hugbúnaður er bersýnilega annars eðlis og verulega flóknari en algengar vörur sem seldar eru til neytenda héraðs á almennum mörkuðum, t.d. dagvörur, þar sem neytendur geta alla jafna með auðveldum hætti og án verulegs kostnaðar valið sér annan birgi (dagvöruverslanir) til að skipta við kjósi þeir svo.

Samkeppniseftirlitið fékk MMR til þess að framkvæma netkönnun á meðal viðskiptavina Advania og Wise, m.a. í því skyni að varpa skýrara ljósi á hreyfanleika viðskiptavina á markaði fyrir fjárhagskerfi.¹¹ Af þeim sem tóku afstöðu í könnuninni kváðust einungis [20-25]% svarenda hafa skipt um söluaðila fjárhagskerfis á síðastliðnum fimm árum.¹² Samsvarar það því að innan við 5% viðskiptavina skipti um kerfi á hverju ári. Þann fyrirvara ber þó að setja við þessa niðurstöðu að úrtakið samanstóð af viðskiptavinahópi tveggja fyrirtækja á markaðnum, Advania og Wise, og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar yfir alla viðskiptavini á markaðnum.

Að þessu sögðu er það mat Samkeppniseftirlitsins að almennt sé lítil hreyfanleiki viðskiptavina á milli sölu- og þjónustuaðila fjárhagskerfa.

9. Aðgangshindranir eru til staðar

Til þess að átta sig á þeim samkeppnislegu skilyrðum sem ríkja á markaði getur verið gagnlegt að skoða hversu auðveld innkoma nýrra aðila á markaðinn er og hvort aðgangshindranir séu til staðar. Aðgangshindranir eru hvers konar hindranir sem gera nýjum keppinauti erfitt fyrir að komast inn á viðkomandi markað, og að komast í slíka stöðu að geta veitt öðrum aðilum á markaðnum samkeppnislegt aðhald. Þessar hindranir geta t.d. verið af lagalegum toga, falist í nauðsyn þess að ná lágmarks stærð svo rekstur verði hagkvæmur, eða í miklum óendurkræfum kostnaði ef innkoma á markaðinn

¹¹ Könnunin var framkvæmd í tengslum við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á fyrirhugðuðum samruna Advania og Wise.

¹² Spurning 11: *Hefur fyrirtækið sem þú ert í forsvari fyrir skipt um söluaðila fyrir fjárhagskerfi á síðustu 5 árum?*



misheppnast. Dæmi um slíkan kostnað er kostnaður við markaðssetningu og kostnaður við rannsóknir og þróun.

Til þess að kanna framangreint aflaði Samkeppniseftirlitið m.a. sjónarmiða markaðsaðila. Í þeim kom fram að líkur á innkomu erlendra aðila inn á markaðinn teldust frekar litlar, flest íslensk fyrirtæki geri kröfu um sjálfvirkar tengingar við íslenska stjórnvísu og íslensk fyrirtæki í kerfum sínum og erlend fyrirtæki hafi enn sem komið er ekki smíðað slíkar tengingar. Þá voru vísbendingar um að kostnaður við að smíða tengingar sem þessar geti verið þónokkur, sérstaklega í samhengi við smæð markaðarins og þá takmörkuðu tekjumöguleika sem henni fylgdu. Væri því ekki unnt að ætla að mörg erlend fyrirtæki muni koma inn á markaðinn á næstunni.

Upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið aflaði bentu til þess að kaupendur að viðskiptahugbúnaði vilji sækja leyfi og/eða þjónustu fyrir staðlað kerfi og sérlausnir/viðbótarkerfi til sama aðila. Þannig séu dæmi um að smærri keppinautar á markaðnum teljist ekki samkeppnishæfir fyrir sölu staðlaðs hugbúnaðar fyrr en þeir geti boðið upp á viðbótarkerfi eða sérlausnir, sem þeir virðast alla jafnan þróa sjálfir. Með öðrum orðum sé mögulega óraunhæft fyrir viðskiptavinum að hafa fullt frelsi um val á mismunandi birgjum fyrir staðlað kerfi annars vegar og sérlausnir/viðbætur hins vegar.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er úrval og framboð á sérlausnum því verulega mikilvægt fyrir samkeppnishæfni aðila á markaði fyrir umrædd fjárhagskerfi. Leiða má líkur að því að þróun mögulegra nýrra keppinauta á markaðnum á sínum eigin sérlausnum fyrir fjárhagskerfi krefjist töluverðs tíma og fjárfestingar, sem feli í sér ákveðna aðgangshindrun. Að sama skapi sé ákveðin aðgangshindrun fólgin í þekkingu starfsfólks í tengslum við sölu, þróun og þjónustu við umrædd fjárhagskerfi, þar sem það geti tekið langan tíma, allt upp í eitt og hálf t. ár að þjálfna starfsfólk.

Lítill fyrirtæki líkt og Uniconta og Annata hafa hafið starfsemi á markaðnum á undanförunum árum en markaðshlutdeild þeirra hefur þó ekki vaxið hratt. Það gefur vísbendingu um að jafnvel þó að vera megi að ekki séu til staðar miklar formlegar aðgangshindranir að markaðnum, þá séu aðstæður á markaði ekki til þess fallnar að auðvelt sé fyrir fyrirtæki að hasla sér völl sem stöndugur keppinautur með markaðsstyrk sem geti veitt ráðandi aðilum á markaðnum fullnægjandi samkeppnislegt aðhald. Þar sem hreyfanleiki viðskiptavina á milli söluaðila er líttill, sbr. umfjöllun í kafla 8, tæki það langan tíma og mikla vinnu fyrir nýjan keppinaut að komast í þá stöðu.

Loks liggur fyrir að einn helsti birgirinn á markaðnum er Microsoft sem selur fjárhagskerfið Dynamics NAV og Dynamics AX í gegnum samstarfsaðila á Íslandi. Microsoft flokkar samstarfsaðila sína eftir árangri og veltu við sölu fjárhagskerfa. Þau fyrirtæki sem starfa nú þegar á íslenska markaðinum og hafa sterka markaðshlutdeild hafa því ákveðið forskot í krafti stöðu sinnar, sem felst í því hafa aðgang að bestu þjónustu og hagkvæmstu kjörum framleiðanda. Slíkt felur í sér ákveðna aðgangshindrun fyrir mögulega keppinauta.